

Niðurstöður samráðs um vegvísi Nordic Smart Government

Vegvísir Nordic Smart Government var til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda frá 13. mars til 1. maí 2020. Þrjár umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1) Uniconta,

2) Icepro

3) Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja og Litla Íslandi.

Íslenska landsteymið þakkar jákvæðar umsagnir og gagnlegar ábendingar sem munu nýtast norræna verkefnishópnum vel við að betrubæta vegvísinn.

Verkefnishópurinn mun vinna úr umsögnum hagsmunaaðila og í framhaldinu leggja fram uppfærðan vegvísi til samþykktar hjá stýrihópi Nordic Smart Government og stjórnvöldum. Afurðirnar verða birtar á heimasíðu verkefnisins <https://nordicsmartgovernment.org/>